

Foreldraráð Heilsuleikskólans Suðurvalla
Fyrsti fundur foreldraráðs 22. september 2021

Fundur er haldinn í kjölfar fræðsluerindis á Suðurvöllum. Viðstödd fundinn eru María Hermannsdóttir, Bríet Sunna Valdimarsdóttir, Lauma Gulbe, Agnieszka Ewa Ziólkowska, Rebekka Riviere og Magnea G. Frandsen.

1. Skipað er í stjórn. Þrír höfðu boðið sig fram við leikskólastjóra og tveir bjóða sig fram eftir fræðsluerindið, er þá sjálfkjörið í 5 manna stjórn foreldraráðs, en skv. starfsreglum eiga að vera a.m.k. 3 foreldrar.

Í stjórn sitja:

Bríet Sunna Valdimarsdóttir,
Lauma Gulbe
Agnieszka Ewa Ziólkowska
Rebekka Riviere
Magnea G. Frandsen

Lauma býður sig fram sem formann, Magnea sem ritari og er það samþykkt af viðstöddum.

2. Tillaga er lögð fram að reglubreytingu á 2. grein starfsreglna foreldraráðsins, þannig að við hana bætist “[...að fundargerðir séu aðgengilegar á heimasíðu leikskólans] og sendar foreldrum í tölvupósti.”
3. Ákveðin er hentug tímasetning fyrir næstu fundi og stefnt er á að þeir verði haldnir kl 20. Nánari dagsetning verður ákveðin síðar.
4. Rædd er fyrirhuguð breyting á opunar- og dvalartíma leikskólans sem tekur gildi eftir áramót. Sú ákvörðun er gagnrýnd harðlega og hefur Agnieszka sent bréf á fræðslunefnd, Lauma hefur einnig undirbúið mótmælabréf. Ákveðið er að vinna þetta saman í hnitmiðaðan texta og mótmæla þessari ákvörðun á næsta fundi fræðalunefndar sem er fyrirhugaður 18. október.
5. Ákveðið er að Lauma muni útbúa skoðanakönnun á viðhorfi foreldra til umræddrar styttingar á dvalartíma barna á leikskólanum.

Fundi er slitið kl 21:50

Ritari : Magnea G. Frandsen